

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 18. desember 2020

Mál nr. S-177/2020:

Lögrelustjórinn á Austurlandi
(*Helgi Jensson aðstoðarsaksóknari*)
gegn
Kristjáni Sigurði Kristjánssyni
(*Sigmundur Hannesson lögmaður*)

Dómur:

Mál þetta, sem dómtekið var 9. desember 2020, er höfðað með ákæru lögrelustjórans á Austurlandi, útgefinni 1. september sl. en móttækinni 9. sama mánaðar, á hendur Kristjáni Sigurði Kristjánssyni, kennitala [...], [...], [...]:

„fyrir skjalabrot á Seyðisfirði, með því að hafa nokkru fyrir laugardaginn 18. maí 2019, án heimildar og í blekkingarskygni, límt falsaðan, gulan, skoðunarmiða með ártalinu 2020 á skráningarmerkin [...] og síðan sett skráningarmerkin, á bifreiðina [...], sem var þá án skráningarmerkja, þar sem þau höfðu verið innlögð hjá Samgöngustofu þann 1. desember 2017.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. og 1. mgr. 157. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. breytingarlög.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði neitar sök. Skipaður verjandi, Sigmundur Hannesson lögmaður, krefst þess fyrir hönd ákærða að hann verði sýknaður af refsikröfu ákæruvalds, en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög heimila. Þá krefst verjandinn þess að allur sakarkostnaður, þ. á m. málsvarnarlaun hans og ferðaskostnaður, verði lagður á ríkissjóð.

I.

1. Samkvæmt frum- og rannsóknarskýrslum lögreglu, en einnig skýrslum ákærða og vitna, eru málavextir þeir helstir að síðdegis laugardaginn 18. maí 2019 voru lögrelumennirnir A, og B, við almenn eftirlitsstörf á Seyðisfirði, en verkefni þeirra sneri þó helst að því að gæta að bifreiðaskoðunum og lögboðnum tryggingum ökutækja. Við þennan starfa veittu lögrelumennirnir því eftirtekt hvar Daihatsu Terios jepplingur, með

skráningarnúmerin [...], var kyrrstæð á bifreiðastæði við húseignina [...], sem er verkstæðis- og geymsluhúsnæði í útjaðri sveitarfélagsins.

Í frumskýrslu lögreglumannanna segir frá því að eftir að hafa kannað málið frekar í „lögreglukerfinu Loke“ hafi þeir komist að því að skráningarnúmerið [...] tilheyrði eigi nefndum jepplingi heldur Land Rover Freelander bifreið, sem samkvæmt ökutækjaskrá Samgöngustofu hafði verið afskráð þann 23. apríl 2019 og var ótryggð.

Í skýrslunni segir frá því að auk þessa hafi lögreglumennirnir komist að raun um að rétt skráningarnúmer jepplingsins Daihatsu Terios var [...], og að bifreiðin var ótryggð. Loks hafi komið í ljós að báðar framangreindar bifreiðar hafi verið skráðar sem eign vitnisins C, sem var með skráða búsetu í sveitarfélaginu þegar atvik máls gerðust.

Fyrir liggur í málinu, sbr. vottorð úr ökutækjaskrá Samgöngustofu, að skráningarnúmer jepplingsins, [...], voru innlögð og bifreiðin tekin úr umferð þann 1. desember 2017.

Um aðgerðir nefndra lögreglumanna á vettvangi í greint sinn segir nánar frá því í frumskýrslunni að þeir hafi tekið skráningarnúmerin [...] af jepplingnum, en síðan er skráð: „Við nánari skoðun á skráningarmerkinu [...] sáum við að skoðunarmiði fyrir árið 2020 var á merkjunum. Miðinn er hins vegar tölvert minni en venjulegir skoðunarmiðar. Bæði áferð og útlit skoðunarmiðans gáfu til kynna að hann væri falsaður.“

Með skýrslu lögreglumannanna fylgdu myndir af umræddum jepplingi á vettvangi, en einnig litmyndir af hinum ætluðu fölsuðu skoðunarmiðum, þ.e. að aftan og framan á bifreiðinni.

2. Á meðal gagna lögreglu er rannsóknarskýrsla D lögreglufulltrúa, sem dagsett er í september 2009. Skýrslan varðar skoðun á umræddum skoðunarmiðum, sem voru á skráningarnúmerunum [...]. Til samanburðar hafði fulltrúinn skoðunarmiða frá faggiltri skoðunarstöð. Fram kemur í skýrslunni að skoðunarmiðarnir hafi m.a. verið skoðaðir í smásjálitmyndavél, og segir frá því að fulltrúinn hafi ályktað eftir rannsókn sína að skoðunarmiðarnir sem voru á skráningarnúmerunum [...] hafi verið prentaðir á laserpappír, en jafnframt fullyrðir hann að miðarnir hafi verið falsaðir. Vísað er m.a. til þess í skýrslunni að skoðunarmiðinn frá skoðunarstöðinni hafi verið gerður úr plastefni.

3. Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu var fyrrnefnt vitni C yfirheyrt í tvígang um sakefnið, þann 29. desember 2019 og 18. ágúst 2020. Við yfirheyrslurnar naut vitnið

í bæði skiptin réttarstöðu sakbornings, en að auki var við síðari skýrslutökuna gætt undanþáguréttar vegna skyldleika við ákærða, líkt og síðar var tíðkað við meðferð málsins fyrir dómi.

Við nefndar lögregluþingarskrýningarmálsnum neitaði vitnið sakargiftum, þ.e. skjalafalsi og misnotkun á skjali vegna skráningarnúmeranna [...], en staðfesti efni áðurrakinn gagna frá Samgöngustofu, þ. á m. um eignarhald á umræddum bifreiðum, en einnig að Land Rover bifreiðin hefði verið afskráð er lögreglan hóf rannsókn sína í maí 2019. Vitnið skýrði frá því að [...] þess, ákærði í máli þessu, hefði komið í sveitarfélagið fyrrihluta maímánaðar nefnt ár og bar að hann hefði þá um hríð unnið að viðgerð á Daihatsu Terios jepplingnum.

Lögreglan yfirheyrði ákærða fyrst um sakarefnið þann 20. júní 2020, og naut hann þá réttarstöðu sakbornings. Ákærði staðfesti framangreinda frásögn [...] um tímabundna viðveru í sveitarfélaginu rúmu ári fyrr, en að auki að hann hefði unnið að viðgerð á fyrirnefndum jepplingi. Í skýrslunni skýrði ákærði frá því að hann hefði tekið skráningarmerkin [...] úr skúr [...] og sett þau á jepplinginn og sagði þar um: „... ég hélt að þetta væru rétt númer og setti þau á bifreiðina.“ Einnig skýrði ákærði frá því að hann hefði í greint sinn sett falsaða skoðunarmiða á skráningarmerkin, og staðhæfði að hann hefði fengið þá hjá tilteknum manni, sem hann kvaðst ekki muna nafnið á. Hélt ákærði því fram að umræddur verknaður hefði verið ætlaður sem smá grikkur við [...], sem þó hefði misheppnast vegna lýstra aðgerða lögreglu.

II.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

1. Við meðferð málsins fyrir dómi, þ. á m. við aðalmeðferðina, neitaði ákærði refsiverðri sök.

Fyrir dómi játaði ákærði verknaðarlýsingu ákæru að hluta, þ.e. hann játaði að hafa, að kveldi föstudagsins 17. maí 2019, án heimildar límt falsaða gula skoðunarmiða með ártalinu 2020 á skráningarmerkin [...] og að hafa í framhaldi af því sett skráningarmerkin á bifreiðina [...], sem þá hafi verið án skráningarmerkja. Ákærði kvaðst ekki hafa unnið þennan verknað í blekkingarskygni, en lýsti atvikum máls með líkum hætti og hann hafði áður gert í fyrirnefndri skýrslu hjá lögreglu, sem hann staðfesti. Ákærði kvaðst þannig hafa verið gestkomandi í sveitarfélaginu í greint sinn, en hann hefði haft meðferðis varahluti í jeppling [...], sem hefði verið í ólagi og óökufær. Nánar tiltekið

sagði ákærði að framöxull bifreiðarinnar hefði verið brotinn, en af þeim sökum hefði verið óvarlegt að aka henni þar sem það hefði getað valdið frekari skemmdum. Ákærði staðhæfði að [...] hefði haft orð á því að hann ætlaði að farga bifreiðinni.

Ákærði kannaðist við að umræddur jepplingur hefði er atvik gerðust verið á malarbornu bifreiðastæði við húseignina að [...], þ.e. iðnaðarhúsnæði þar sem [...] hefði verið með aðsetur. Ákærði staðhæfði að þar innan dyra hefði hann veitt skráningarmerkjunum [...] eftirtekt, og áréttað að það hefði verið ætlan hans í greint sinn að skráningarmerkin tilheyrðu jepplingnum.

Ákærði skýrði frá því að atvik máls hafi nánar æxlast á þann veg að hann hefði átt leið í miðbæ kaupstaðarins, en þá hitt þar fyrir tiltekinn aðila, sem hefði þekkt til [...]. Ákærði lýsti framhaldinu þannig: „Hann (maðurinn) leggur til að það sé gerður svona hrekkur, jafnvel kvikmyndaður og með því að líma númerin á, og nú sé bara bíllinn í lagi, bara þegar [...] komi út um morguninn og sjá hvernig honum verði við ... við svona snöggri viðgerð. ... Þetta átti bara að vera þessi stutta stund, sem að hans viðbrögð yrðu könnuð.“

Ákærði staðhæfði að nefndur aðili, sem hann kvaðst ekki muna nafnið á, hefði í framhaldi af samtali þeirra útbúið umrædda skoðunarmiða, en hann síðan framkvæmt nefndan verknað. Ákærði áréttaði að ráðagerð hans og hrekkur hefði í raun misheppnast alfarið þar sem lögreglan hefði verið fljót til og klippt skráningarnúmerin af jepplingnum.

2. Vitnið C, [...], [...], [...], greindi frá því fyrir dómi að umræddur jepplingur þess hefði verið kyrrstæður á bifreiðastæði fyrir utan fyrrnefnt verkstæðis- og geymsluhúsnæði, að [...], og bar að svo hefði verið allt frá hausti 2017 vegna bilunar í drifbúnaði, að það ætlaði. Vitnið kvaðst hafa haft umráð nefnds húsnæðis þegar atvik máls þessa gerðust. Vitnið sagði að í maímánuði 2019 hefði [...], ákærði, unnið að því að lagfæra jepplinginn, en vitnið kvaðst hafa lagt skráningarmerki bifreiðarinnar inn hjá Samgöngustofu seinnipart ársins 2017.

Vitnið staðhæfði að það hefði ekki haft vitneskju um verustað skráningarnúmeranna [...], en sagði að þau hefðu áður tilheyrt Land Rover bifreið sinni, en það kvaðst hafa fargað þeirri bifreið.

3. Við meðferð málsins komu fyrir dóminn sem vitni A, B, C, og F. Vitnin staðfestu öll fyrrnefnd verk sín og skýrslur, en svöruðu einnig spurningum. Er óþarft að rekja framburð þeirra.

III.

1. Í máli þessu er ákærða gefið að sök skjalabrot með því að hafa í umræddu sveitarfélagi og nokkru fyrir laugardaginn 18. maí 2019, án heimildar og í blekkingarskyni, límt falsaðan, gulan skoðunarmiða með ártalinu 2020 á skráningarmerkin [...] og síðan sett merkin á bifreiðina [...], sem þá var án skráningarmerkja, þar sem þau höfðu verið innlögð hjá Samgöngustofu þann 1. desember 2017.

Samkvæmt ákæru er háttsemi ákærða talin varða við 1. mgr. 155. gr. og 1. mgr. 157. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. breytingarlög.

Ákvæði 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna er svohljóðandi:

„Hver, sem notar falsað skjal til þess að blekkja með því í lögskiptum, skal sæta fangelsi allt að 8 árum. Skal það einkum metið refsingu til þyngingar, ef skjalið er notað sem opinbert skjal, viðskiptabréf eða erfðaskrá.“

Ákvæði 1. mgr. 157. gr. hegningarlaganna er svohljóðandi:

„Noti maður ófalsað skjal svo sem það varðaði annan mann en þann, sem það á við, eða með öðrum hætti gagnstætt því, sem til var ætlast, og þetta er gert til þess að blekkja með því í lögskiptum, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.“

2. Ákærði neitar sök og byggjast varnir hans helst á því að þrátt fyrir að hann hafi í aðalatriðum játað verknaðarlýsingu ákæru hafi ákæruvaldinu ekki tekist að sanna að hann hafi haft ásetning til að blekkja í lögskiptum, líkt og nefnd lagaákvæði kveða á um, en að auki hafi eigi verið um eiginlega notkun að ræða, líkt og atvikum máls hafi verið háttað.

3. Samkvæmt því sem hér að framan hefur verið rakið hefur ákærði borið um að hann hafi að kveldi 17. maí 2019 tekið til handargagns skráningarmerkin [...], sem hann hafði áður fundið í nefndu geymsluhúsnæði [...]. Verður ráðið að hann hafi a.m.k. komið því til leiðar að falsaðir gulir miðar með áprentuðu ártali 2020 voru límdir á skráningarmerkin.

Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu voru greindir miðar líkir tíðkanlegum skoðunarmiðum faggiltra skoðunarstofa.

Ákærði hefur jafnframt borið um að hann hafi skrúfað skráningarnúmerin með hinum fölsuðu límmiðum á umræddan jeppling, sem var í eigu [...] þegar atvik máls gerðust.

Fyrir liggur að jepplingsbifreiðin, sem bar fasta skráningarnúmerið [...], hafði frá því síðla árs 2017 staðið kyrrstæð á bifreiðstæði við nefnt geymsluhúsnæði. Þá hafði eigandi bifreiðarinnar, nefndur sonur ákærða, lagt númerin inn hjá Samgöngustofu, þann 1. desember það ár, sbr. að því leyti ákvæði 16. gr. reglugerðar nr. 751/2003 með síðari breytingum.

Samkvæmt 1. mgr. 72. gr. nógildandi umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. áður 63. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en einnig viðeigandi reglugerðir um gerð og skráningu ökutækja nr. 751/2003 með síðari breytingum og reglugerð um skoðun ökutækja nr. 8/2009, skulu bifreiðar tryggðar og skráðar. Samkvæmt ákvæðum reglugerðanna ber að setja skráningarmerki á ökutæki áður en þau eru tekin í notkun og áður en viðeigandi skoðunarmiði er afhentur hjá faggiltum skoðunarstofum. Verður ráðið að ákvæði þessi séu m.a. sett með umferðaröryggi í huga.

4. Lagt verður til grundvallar í máli þessu, sbr. m.a. frásögn vitnisins C, að um það leyti er ofangreindur atburður gerðist hafi umræddur jepplingur verið í ólagi og að ákærði hafi unnið að viðgerð, en þá á framöxli.

Fyrir dómi hefur ákærði helst borið að tilgangur hans með þeirri háttsemi sem lýst er í ákæru og hann hefur játað að hluta hafi verið til þess að hrekkja.

5. Að áliti dómsins er hafið yfir skynsamlegan vafa að við lýstar aðstæður, og í ljósi eigin frásagnar ákærða, hafi hann með nefndum bellibrögðum sýnt í verki ásetning til að blekkja í lögskiptum. Í því viðfangi er til þess að líta að það hefur ekki verið talið skilyrði þess að um lögskipti í skilningi framangreindra lagaákvæða sé að ræða, að bifreið hafi verið ekið, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 103/2011. Þá er það ekki heldur skilyrði refsíábyrgðar að nokkur aðili hafi blekkst í raun vegna fölsunar.

Að ofangreindu virtu þykir frásögn og varnir ákærða haldlausar. Hefur ákærði því með háttsemi sinni gerst sekur um skjalafals og skjalamisnotkun í skilningi 1. mgr.

155. gr. og 1. mgr. 157. gr. hegningarlaganna, líkt og lýst er í ákæru. Hefur ákærði með háttseminni unnið sér til refsingar, líkt og krafa ákæruvaldsins hljóðar um.

IV.

Ákærði, sem er fæddur árið [...], hefur samkvæmt sakavottorði sakaskrár ríkisins eigi áður sætt refsingum.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga. Að virtum hnökralausum sakaferli ákærða, en einnig í ljósi atvika, þykir rétt að fresta fullnustu refsingar hans og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi hann almennt skilorð 57. gr. hegningarlaganna, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Samkvæmt gögnum málsins og yfirlýsingu sækjanda féll enginn kostnaður til við rannsókn lögreglu og meðferð ákæruvalds. Með vísan til málsúrslita og 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að dæma ákærða til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar lögmanns, eins og nánar segir í dómsorði, en þá m.a. að virtu minnisblaði verjandans.

Af hálfu ákæruvalds fór með málið Helgi Jensson aðstoðarsaksóknari.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Kristján Sigurður Kristjánsson, sæti 30 daga fangelsi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi hann almennt skilorð 57. gr. hegningarlaganna, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 458.800 krónur í sakarkostnað, sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Sigmundar Hannessonar lögmanns, að meðtöldum virðisaukaskatti. Að auki skal ákærði greiða ferðakostnað og annan útlagðan kostnað verjandans, að fjárhæð 43.890 krónur.